



Slökkvitæki



Brunaslanga



Brunaboði



Stjórnstöð
brunakerfis



Neyðar-
númer



Gjallarhorn



Sjúkrakassi



Söfnunar-
staður



Hjartastuðtæki

Viðbrögð við hættuástandi

ELDUR

- Ýtið á næsta brunaboða
- Tilkynnið um eldinn til nærstaddra
- Farið út um næsta neyðarútgang
- Ef reykur er í flóttaleið þá veljið aðra flóttaleið
- Ekki fara aftur inn í húsið fyrr en leyfi hefur verið gefið

JARÐSKJÁLFTAR

- Forðið ykkur frá svæðum þar sem hlutir geta fallið
- **Krjúpa - Skýla - Halda**
- Yfirgefið bygginguna ef hún er skemmd eftir skjálftann
- Gangið út um næsta neyðarútgang - Ekki hlaupa

RÝMINGARÁÆTLUN

Yfirmaður öryggismála í Hamarshöllinni

Umsjónarmaður Hamarshallarinnar er yfirmaður öryggismála í höllinni og ber ábyrgð á að allir rýmingarfulltrúar þekki og kunni hlutverk sín í rýmingu. Hann sækir ábyrgð sína til menningar- og frístundafulltrúa Hveragerðisbæjar.

Hverjir eru rýmingarfulltrúar

Rýmingarfulltrúar eru yfirmaður öryggismála og allir þjálfarar (og varamenn þeirra) sem bera ábyrgð á íþróttahópum í Hamarshöllinni.

Þjálfun fyrir rýmingarfulltrúa

Sé árinu skipt í æfingatímabil þar sem búast má við mannabreytingum í þjálfaraliði skal gera ráð fyrir þjálfun eða upprifjun í upphafi hvers æfingatímabils. Verði miklar mannabreytingar þess á milli skal yfirmaður öryggismála skipuleggja þjálfun fyrir rýmingarfulltrúa.

Fólksfjöldi í Hamarshöllinni

Í daglegum rekstri má búast við allt að 300 manns samtímis í höllinni en leyfi er fyrir allt að 1100 manns samtímis. Tryggja skal að í höllinni sé til staðar tæki (lúður, hátalarakerfi eða sambærilegt) – sjá rýmingaruppdrátt - til að koma skilboðum til fólks um að rýma höllina ef það fer ekki hiklaust út.

Kynning á viðbragðs- og rýmingaráætlun

Rýmingaráætlun verður m.a. kynnt á rýmingaruppdrætti við stjórnstöð brunaviðvörðunarkerfis gegnt inngangi Hamarshallar, í aðstöðuhúsi og í sal vallarhúss.

Rýmingaræfingar

Yfirmaður öryggismála sér um að halda rýmingaræfingar a.m.k. árlega en oftar ef þurfa þykir. Söfnunarstaður skal vera á bílastæði, sjá rýmingaruppdrátt.

Forritun brunaviðvörðunarkerfis

Stjórnstöð brunaviðvörðunarkerfis skal forrituð þannig að eldboð frá fyrsta reykskynjara komi í stjórnstöð kerfisins, boð fari í síma vakthafandi starfsmanns í Hamarshöllinni og til vaktaðila kerfisins / Brunavarna Árnessýslu. Brunabjöllur fara í gang við eldboð fyrsta reykskynjara eða handboða.

Rýming Hamarshallarinnar


Þegar rýming á sér stað munu rýmingarfulltrúa aðstoða fólk við að koma sér út.

Þegar bjöllur brunaviðvörðunarkerfis fara í gang skal húsið strax rýmt, á skipulegan og yfirvegaðan hátt undir stjórn rýmingarfulltrúa.

Ef reykur eða eldur sést – hversu lítill sem hann er - skal strax rýma húsið á skipulegan og yfirvegaðan hátt undir stjórn rýmingarfulltrúa.

Rýmingarfulltrúar skulu safna hópum sínum saman og opna þá neyðarútganga sem næstir er til að rýma höllina. Að rýmingu lokinni skulu þeir loka neyðarútgönguhurðunum aftur.

Þegar fjölmenni er í höllinni (fólksfjöldi yfir 300 manns) skal yfirmaður öryggismála skipa rýmingarfulltrúa (7 manns=fjöldi neyðarútganga) t.d. skipuleggjendur viðburðarins og gera þeim grein fyrir hlutverki þeirra í rýmingu og dreifingu um salinn.



Kynnið ykkur staðsetningu neyðarútganga og neyðarbúnaðar

